



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 9. september 2016

1609020SA MKH/-

Málalykill: 01.02

Efni: Alþingiskosningar 2016 - utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 2. september sl., var lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins um utankjörfundaratkvæðagreiðslu hjá sveitarfélögum vegna forsetakosninga 2016, ásamt greinargerðum frá þeim sveitarfélögum og byggðasamlögum sem tóku þátt í tilraunaverkefni Sýslumannafélags Íslands og sambandsins um aukið aðgengi að atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í tengslum við forsetakosningarnar fyrr í sumar.

Jafnframt var lagt fram bréf innanríkisráðuneytisins, dags. 29. ágúst 2016, þar sem ráðuneytið mælist eindregið til þess að af hálfu sýslumanna og sveitarfélaga verði tilraunaverkefnið framlengt fram yfir næstu alþingiskosningar með sömu skilmálum og áður. Ráðuneytið telur að með því móti fáið aukin reynsla af þessari framkvæmd, sem og svigrúm til að vinna úr henni, auk þess sem kjósendum verði þannig tryggt sambærilegt þjónustustig og við forsetakosningarnar.

Á framangreindum fundi stjórnar sambandsins var eftirfarandi samþykkt gerð samhljóða:

„Stjórn sambandsins lýsir ánægju sinni með hve vel tókst til með tilraunaverkefni um utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna forsetakosninga fyrr í sumar hjá þeim 15 sveitarfélögum sem tóku þátt í verkefninu. Ljóst er að með þessu móti var þjónusta við íbúa viðkomandi sveitarfélaga stóraukin og til hagsbóta fyrir þá að geta kosið utankjörfundar nær heimilum sínum en ella. Stjórnin tekur undir tilmæli ráðuneytisins um áframhald verkefnisins og hvetur sveitarfélög til þess að taka þátt í tilraunaverkefninu við alþingiskosningar síðar á þessu ári eftir því sem tök eru á og hver og ein sveitarstjórn ákveður.“

Í greinargerðum sveitarfélaganna koma m.a. fram þau sjónarmið, að framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu sé verkefni ríkisins og því eigi ríkissjóður að bera kostnað við atkvæðagreiðsluna. Sambandið er um þessar mundir að afla upplýsinga frá sveitarfélögunum um kostnað við framkvæmd forsetakosninganna 25. júní sl. og bera saman við þær endurgreiðslur sem sveitarfélögin fá frá ríkinu. Ljóst er að langflest sveitarfélög eru að fá hærri greiðslu frá ríkissjóði, en sem nemur kostnaði við framkvæmd forsetakosninganna. Það má því segja að sveitarfélögin hafi flest borð fyrir báru til að standa undir kostnaði við framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar.

Þessu er hér með komið á framfæri og sveitarstjórnir hvattar til þess að taka óskir sýslumanna um samstarf til efnislegrar umfjöllunar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Hjálagtt: Minnisblað um utankjörfundaratkvæðagreiðslu hjá sveitarfélögum við forsetakosningar 2016.

Afrit af bréfi innanríkisráðuneytisins frá 29. ágúst 2016.